

## A 1748/välfärd

**Flytjandi** Norræn vinstri græn  
**Afgreiðsla** Norræna velferðarnefndin

## Þingmannatillaga um samræmingu á löggjöf um hinsegin fólk á Norðurlöndum

### Tillaga

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að samræma löggjöf sína um réttindi hinsegin fólks;

að réttur samkynja para til að stofna til sambanda og fjölskyldutengsla verði viðurkenndur í öllum norrænu löndunum;

að kynleiðrétting verði grundvölluð á sjálfsmynd einstaklinga.

### Forsaga

Þróun í norrænu löndunum undanfarin ár hefur haft í för með sér ýmsar mikilvægar umbætur í málefnum hinsegin fólks, meðal annars hvað varðar hjónabandslöggjöf og ættleiðingarmál. Því miður er enn munur á löggjöf landanna á sumum sviðum og í versta falli verður slíkur munur til þess að stjórnsýsluhindranir myndast.

Eitt dæmi um slíka hindrun er í löggjöf Svíþjóðar, þar sem tæknifrjóvganir framkvæmdar erlendis eru ekki viðurkenndar sjálfkrafa. Í einhverjum tilvikum hafa samkynja pör þurft að ættleiða börn sín eftir að hafa flutt til Svíþjóðar. Viðurkenna ætti rétt samkynja para til að stofna til sambanda og fjölskyldutengsla í öllum norrænu löndunum.

Norðurlandaráð gegnir mikilvægu hlutverki hvað varðar samræmingu á löggjöf um hinsegin fólk. Enn má finna óviðunandi mun á slíkri löggjöf milli landanna, ekki síst á sviði mismununar.

Annað svið þar sem mun er að finna á löggjöf landanna varðar réttindi trans fólks. Lög um málefni trans fólks í Finnlandi kveða enn á um að fólk framvísi læknisvottorði um að það hafi undirgengist ófrjósemisaðgerð eða sé ófrjótt af öðrum ástæðum, áður en það getur fengið samþykki fyrir kynleiðréttingu.

Aðeins Noregur og Danmörk hafa löggjöf sem gerir fólki kleift að leiðrétta kyn sitt fyrir lögum með sjálfsmynd sem meginforsendu. Samkvæmt norskum lögum hafa norskir ríkisborgarar rétt á að skilgreina sjálfir kyngervi sitt. Fólk eldra en 16 ára getur



sótt sjálft um kynleiðréttingu í Noregi en börn og ungmenni frá 6–16 ára geta sótt um ásamt forráðamanni sínum. Í Danmörku þarf, líkt og í Finnlandi, að hafa náð 18 ára aldri. Ennfremur er þess krafist að umsækjendur íhugi málið í sex mánuði eftir að sótt hefur verið um kynleiðréttingu áður en henni verður hrint í framkvæmd.

Öll norrænu löndin ættu að grundvalla löggjöf sína á mannréttindum og allir borgarar ættu að vera jafnir fyrir lögum, óháð kynhneigð eða kynvitund.

Reykjavík, 19. september 2017

*Christian Juhl (EL)*

*Christian Poll (ALT)*

*Håkan Svenning (V)*

*Iddimangiu Bianco (IA)*

*Paavo Arhinmäki (vänst)*

*Steingrímur J. Sigfússon (VG)*

*Torgeir Knag Fylkesnes (sv)*